

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. maí 1977.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## G J A L D S K R Á

### Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhrepp, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

##### 2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

##### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

#### II. KAFLI

##### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 2 410.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

##### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Það eru van-skil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

## 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Eldri hús:

Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufu- loka .....	kr.	97 000.00
Rúmmetragjald 0—300 m <sup>3</sup> .....	án gjalds	
gjald umfram 300 m <sup>3</sup> —1000 m <sup>3</sup> .....	—	167.00 pr/m <sup>3</sup>
gjald umfram 1000 m <sup>3</sup> .....	—	112.00 pr/m <sup>3</sup>

Ný hús (nýbyggingar):

Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufu- loka .....	—	221 500.00
Rúmmetragjald 0—300 m <sup>3</sup> .....	án gjalds	
gjald umfram 300 m <sup>3</sup> —1000 m <sup>3</sup> .....	—	167.00 pr/m <sup>3</sup>
gjald umfram 1000 m <sup>3</sup> .....	—	112.00 pr/m <sup>3</sup>

## 7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar nú 126 stig. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er að hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. maí 1977.*

F. h. r.  
Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*